

STJÓRNARTÍÐINDI B 70 – 1995

Nr. 408

996

24. júlí 1995

REGLUGERÐ um úthlutun á tollkvótum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum IIIA, IIIB, IVA og IVB við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magn kr/kg
Úr tollkafla 4:					
0405.0000	Smjör	01.08.-31.10.	12.000		201
	Ostur:	01.08.-31.10.	18.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysostur o.fl.	01.08.-31.10.	-		143
0406.2000	Rifinn og mulinn ostur	01.08.-31.10.	-		143
0406.3000	Órifinn og ómulinn ostur	01.08.-31.10.	-		107
0406.4000	Gráðostur	01.08.-31.10.	-		164
0406.9000	Annar ostur	01.08.-31.10.	-		160
0408.1900	Eggjarauða gerilsn.	01.08.-31.10.	15.000		87
	önnur				
0408.9100	Annað, þurrkað	01.08.-31.10.	1.500		329
Úr tollkafla 6:					
0601.2004	Pottapl. 100 sm og stærri	01.08.-31.10.	15.000	30	
0603.1002	Nellikur o.fl.	01.08.-31.10.	550	30	
0603.1003	Æitkvíslar skv. tollskrá	01.08.-31.10.	2.100	30	
0603.1004	Afskornar greinar	01.08.-31.10.	2.100	30	
0603.1009	Annars	01.08.-31.10.	1.600	30	
0603.9000	Annað (þurrkuð blóm)	01.08.-31.10.		30	
0604.9109	Annað	01.08.-31.10.	3.000	30	

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magnatollur kr/kg
Úr tollkafta 7:					
0704.2000	Rósakál	01.09.-31.10.		30	
0704.9005	Fóðurmergskál	01.09.-31.10.		30	
0705.1102	Salat	01.09.-31.10.		15	92
0705.2100	Kaffifílsblöð	01.09.-31.10.		30	
0705.2900	Annað	01.09.-31.10.		30	
0709.4000	Selja, önnur en seljarót	01.10.-31.10.		7,5	100
0709.5100	Sveppir	01.09.-31.10.		15	200
0709.9002	Kúrbitur	01.09.-31.10.		30	

Úr tollkafta 16:

	Kjötvörur úr vörulið 1602:		26.000		
1602.1001	Annað kjöt 60% eða meira	01.09.-31.12.	-		84
1602.1009	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		84
1602.2011	Meira en 60% af dýralifur	01.09.-31.12.	-		117
1602.2012	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		117
1602.2019	Annað	01.09.-31.12.	-		44
1602.2021	Meira en 60% af d. lifur	01.09.-31.12.	-		117
1602.2022	Meira en 20%, til og með 60%	01.09.-31.12.	-		78
1602.3101	Úr kalkúnum meira en 60%	01.09.-31.12.	-		204
1602.3102	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		204
1602.3109	Annað	01.09.-31.12.	-		115
1602.3901	Annað meira en 60%	01.09.-31.12.	-		204
1602.3902	Annað 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		204
1602.3909	Annað	01.09.-31.12.	-		115
1602.4101	Úr svínum meira en 60%	01.09.-31.12.	-		526
1602.4102	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		343
1602.4109	Annað	01.09.-31.12.	-		115
1602.4201	Meira en 60% af kjöti	01.09.-31.12.	-		412
1602.4202	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		247
1602.4209	Annað	01.09.-31.12.	-		83
1602.4901	Annað meira en 60% af kjöti	01.09.-31.12.	-		511
1602.4902	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		307
1602.4909	Annað	01.09.-31.12.	-		102

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
1602.5100	Meira en 60% kjöt úr nautgr.	01.09.-31.12.	-		365
1602.5002	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		304
1602.5009	Annað	01.09.-31.12.	-		102
1602.9011	Dilkakj. meira en 60%	01.09.-31.12.	-		442
1602.9012	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		265
1602.9019	Annað	01.09.-31.12.	-		89
1602.9021	Úr öðru kjöti meira en 60%	01.09.-31.12.	-		442
1602.9029	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		265
1602.9030	Annað	01.09.-31.12.	-		89

Við innflutning sem fellur undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafí vara hlotið bráðabirgða-tollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í tollflokki 0405.0000 og vörum úr tollkafla 6, öðrum en 0603.9000 meiri en sem nemur magni skv. 2. gr. er heimilt að láta hlutkesti ráða úthlutun eða leita tilboða í tollkvóta. Skilyrði hér um verði tekin fram í auglýsingu.

4. gr.

Við úthlutun í vörulið 0406 skal gilda sú regla, að fyrst skal úthluta vegna umsókna á ostategundum sem ekki eru framleiddar hér á landi. Við þá úthlutun skal ganga fyrir vara sem ætluð er til matvælaíðnaðar. Þar á eftir verði úthlutað kvótum vegna annarra umsókna. Verði umsóknir meiri en tollkvóti leyfir, ræðst úthlutun af hlutkesti. Aðilar sem sækja um þennan innflutning skulu tilgreina tegund, magn og framleiðsluland. Við úthlutun á tollkvóta í vörulið 0408 skal fyrst úthlutað til iðnaðarframleiðslu.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál útaf brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. og með vísan til ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, og öðlast gildi nú þegar og gildir til 31. desember 1995. Tollstjórum skal heimilt að endurgreiða innflytjanda toll af þeim vörusendingum sem falla undir tollkafla 4 skv. 2. gr. og tollafgreiddar hafa verið eftir 1. júlí 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 24 21. janúar 1994
um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins.**

1. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um dýralækna nr. 77/1981, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og 52. gr laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. 18. gr. laga nr. 87/1995 um breytingu á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Guðmundur Sigþórsson.